

NaNO Fréttabréf – Nóvember 2016

Hvað höfum við gert í haust?

Námskeiðið *Hvað er í fjörunni?* með Kristínu Norðdahl var haldið mánudaginn 19. september. Námskeiðið var vel sótt og voru þátttakendur ánægðir með það. Farið var með þátttakendum í fjöru og skoðað það sem fyrir augu þar. Á námskeiðinu var lögð áhersla á hagnýta þætti í kennslu og hagnýt vinnubrögð annars vegar og verklegar æfingar án flókinna tækja eða sérstakrar tilraunastofu hins vegar.

Við tókum þátt í skipulagningu Mega-menntabúða með öðrum svipuðum hópum, þær fóru fram 28. sept.

Námskeiðið *Hagnýt jarðfræði - sýnatökufærð* með Snæbirni Guðmundssyni var haldið fimmtudaginn 13. október. Lagt var upp í eftirminnilega ferð í hífandi roki og rigningu. Í ferðinni var kennurum gert kleift að auðga jarðfræðisýnasafn sinna skóla og þar með stuðla að fjölbreyttari verkefnum í jarðfræðikennslu. Meginmarkmið ferðarinnar var að safna sýnum en einnig fengu þátttakendur örlitla jarðfræðileiðsögn. Ferðin var farin í kjölfar endurmenntunarnámskeiðs sem haldið var fyrir náttúrufræðikennara í grunnskólum Kópavogs og Mosfellsbæjar í vor.

Undirbúningur við **Málþing um náttúrufræðimenntun** er farinn af stað. Undirbúningsnefndin er skipuð fulltrúum frá RAUN, NaNO, Háskólanum á Akureyri, Félagi raungreinakennara, Samlíf – Samtökum líffræðikennara, Félagi leikskólakennara, GERT og fulltrúa grunnskólakennara. Áætlað er að halda málþingið dagana 30. mars og 1. apríl 2017. Búið er að senda rafrænt póstkort til allra starfandi kennara á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi.



Menntabúðir NaNO - Atvinnulíf og skólar var haldið í samstarfi við GERT þriðjudaginn 8. nóvember. Halla Kristín Guðfinnsdóttir verkefnisstjóri GERT kynnti verkefnið fyrir þátttakendum og greindi frá því sem þátttökuskólarnir hafa verið að gera í tengslum við það. Anna María Þorkelsdóttir hjá Hólabrekkuskóla var með stutt erindi um hvernig þau í Hólabrekkuskóla nýta sér atvinnulífið og stofnanir í þeirra starfi. Umræður voru í framhaldinu og ríkuleg tækifæri gáfust til spurninga.

Nokkrar kennslueiningar hafa fengið birtingu í **Gagnabanka NaNO** á síðustu vikum en töluverður fjöldi bíður þess að fá birtingu. Beðið hefur verið með að setja efni inn sökum þess að til stendur að gera breytingar á útliti gagnabankans en nú hefur verið ákveðið að bíða ekki lengur enda mikilvægt að þau verði aðgengileg kennurum sem fyrst.

Óskað var eftir kennurum til að prófa og meta þær kennslueiningar sem hafa verið samdar fyrir gagnabankann og fóru viðbrögð langt fram úr vonum. Alls hafa nú 17 kennarar óskað eftir að prófa

námsefnið (48 kennslueiningar) í kennslu – sumir nokkrar kennslueiningar. Almennt eru kennarar mjög ánægðir með verkefnin. Þeir munu leggja mat á kennslueiningarnar með þar til gerðu matseyðublaði. Prófanir og mat fara fram á næstu mánuðum.

Fésbókarsíða Náttúrutorgs. Náttúrutorg er komið með [Like-síðu](#), þar með er okkur unnt að stofna viðburði á Fésbókinni og auglýsa þá meðal markhóps okkar.

Hvað er framundan?

FIRST LEGO League hönnunarkeppni grunnskólanema verður haldin 12. nóv. nk.

Námsmatsfundur og -vinnustofa fyrir starfandi grunnskólakennara sem þeir hafa óskað eftir að við höldum.

Undirbúningur málþings um náttúrufræðimenntun heldur áfram.

Menntabúðir NaNO halda áfram. Stefnt er að því að NaNO standi fyrir viðburði fyrir kennara að jafnaði einu sinni í mánuði í vetur, ábendingar um viðfangsefni eru vel þegnar.

Vinna áfram að **NaNO Gagnabanka**. Við setjum fleiri kennslueiningar í bankann ásamt því að vinna að frekari útfærslu á útliti og tæknilegum atriðum.

- Við fáum til liðs við okkur starfandi kennara til að prófa verkefnin í sinni kennslu og endurbæta gagnabankann eftir ráðleggingum frá þeim.
- Sérfræðingar lesa yfir texta verkefnanna í bankanum.

Vinna NaNO hópsins er styrkt af Aldarafmællissjóði HÍ, Prúnarsjóði námsgagna, Kennslumálasjóði HÍ, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Vinum Vatnajökuls og Rannsóknasjóði síldarútvegsins.

Ester Ýr Jónsdóttir og Svava Pétursdóttir

NaNO
Náttúruvísindi á nýrri öld